



Fundargerð

46. fundur sjálfbærnisráðs Reykjaneshöfnar, haldinn að Tjarnargötu 12
6. desember 2023, kl. 08:15

Viðstaddir: Íris Ósk Ólafsdóttir formaður, Dána Hilmarsdóttir, Guðni Ívar Guðmundsson, Hafsteinn Hjartarson, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi, Silja Kolbrún Skúladóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Aneta Grabowska boðaði forföll og sat Hafsteinn Hjartarson fundinn í hennar stað.
Þóranna Kristín Jónsdóttir boðaði forföll og sat Dána Hilmarsdóttir fundinn í hennar stað.

* * *

1. Umfjöllun um fundargerðir ráða (2022080084)

Farið var yfir fundargerðir ráða út frá sjálfbærnisjónarmiðum.

2. Lýðræðisstefna Reykjaneshöfnar (2023030124)

Sjálfbærnisráð hefur nú fengið kynningar frá sérfræðingum og starfsmönnum innan stjórnsýslu Reykjaneshöfnar ásamt reynslusögu frá Reykjavíkurborg. Í anda inntaks stefnunnar leggur sjálfbærnisráð til að stofnaður verði starfshópur með kjörnum fulltrúum ásamt starfsfólki viðeigandi sviða sem undir leiðsögn ráðgjafa/stefnustjóra vinni drög að stefnunni. Starfshópurinn mun samanstanda af tveimur kjörnum fulltrúum úr sjálfbærnisráði ásamt einum starfsmanni frá hverju sviði.

3. Samræmd flokkun starfsstöðva Reykjaneshöfnar (2023110097)

Anna Karen Sigurjónsdóttir sjálfbærnifulltrúi fór yfir stöðuna á flokkun hjá starfsstöðvum Reykjaneshöfnar. Sjálfbærnisráð telur ekki þörf á að mynda sérstaka flokkunarstefnu hjá sveitarfélaginu þar sem í gildi eru lög sem taka skýrt á hvernig skal flokka úrgang.

Sjálfbærnisráð óskar eftir að fá stöðumat frá sviðsstjórum á flokkun starfsstöðva sem heyrá undir sviðin fyrir febrúarlok enda ber hver sviðsstjóri ábyrgð á að uppfylla lagalegar kröfur. Skriflegu stöðumati skal skila til sjálfbærnifulltrúa eigi síðar en 29. febrúar 2024.

Jafnframt fagnar sjálfbærnisráð væntanlegri innleiðingu Laufsins og óskar eftir kynningu á lausninni á febrúarfundi ráðsins.

4. Reykjaneshöfn - áætlun um meðferð og flokkun úrgangs (2023110128)

Atvinnu- og hafnarráð óskar eftir liðsinni sjálfbærnisráðs við gerð áætlunar fyrir Reykjaneshöfn um meðferð og flokkun úrgangs.

Sjálfbærniráð fagnar fyrirhugaðri áætlunargerð um meðferð og flokkun úrgangs Reykjaneshafnar enda í samræmi við þau heimsmarkmið sem Reykjanesbær hefur í stefnu sinni valið að setja í forgang undir flokknum Vistvænt samfélag.

Sjálfbærniráð vísar til bókunar í þriðja máli hér að framan varðandi ábyrgð á flokkun starfsstöðva Reykjanesbæjar. Sjálfbærniráð óskar eftir að fá áætlunina til umsagnar þegar hún liggur fyrir.

5. Fjórða iðnbyltingin (2023050187)

Málinu frestað.

6. Hlutverk og verkefni sjálfbærniráðs (2022080084)

Málinu frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40.